



# Skýrsla Fjármála- og áhættustýringarsviðs

Við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar  
janúar – september 2024

Lagt fram í borgarráði  
5. desember 2024

## Borgarráð

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar-september 2024 samanstendur af samanteknum reikningi A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhaldna, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Jafnlaunastofa sf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., SORPA bs., Strætó bs. og Þjóðarleikvangur ehf. auk Aflvaka hf. Enginn reglubundinn rekstur er hjá Aflvaka hf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að hluta fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlög Reykjavíkurborgar gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar, SORPU og Þjóðarleikvangs koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

**Rekstrarniðurstaða samantekins reiknings A- og B-hluta var jákvæð um 1.576 m.kr.** sem var 4.512 m.kr. betri niðurstaða en á sama tímabili árið 2023. Í áætlun var gert ráð fyrir 10.231 m.kr. rekstrarafgangi. Grunnrekstur A- og B-hluta, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 41.712 m.kr. í afgang sem var um 4.910 m.kr. undir áætlun en var 6.419 m.kr. betri niðurstaða en árið 2023. EBITDA í hlutfalli af tekjum var 21% og hækkar um 1,5%-stig milli ára.

**Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 1.134 m.kr.** eða 280 m.kr. betri niðurstaða en á sama tímabili 2023. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan yrði jákvæð um 5.451 m.kr. Grunnreksturinn, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var jákvæð um 9.283 m.kr. sem var um 2.662 m.kr. betri niðurstaða en fyrir ári síðan. EBITDA í hlutfalli af tekjum var 6,6% eða 1,5%-stigum hærrí en á sama tíma í fyrra.

**Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 4.845 m.kr.** í fjárhagsáætlun var áætlað að niðurstaðan yrði neikvæð um 1.955 m.kr. og var niðurstaðan því um 2.890 m.kr. lakari en áætlað var.

**Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 3.034 m.kr.** við gerð fjárhagsáætlunar var áætlað að niðurstaðan yrði jákvæð um 6.732 m.kr. og niðurstaðan því 3.697 m.kr. lakari en áætlað var.

Reikningsskil byggðasamlaga og sameignarfélaga í meirihlutaeign Reykjavíkurborgar eru færð inn í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar miðað við hlutfallslega ábyrgð borgarinnar í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1212/2015, samanber reglugerð nr. 230/2021. Breytingarnar tóku gildi frá og með 1. janúar 2021.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

Undanskilja skal veitu- og orkufyrirtæki við útreikning á jafnvægis- og skuldaviðmiði til ársloka 2029 samanber reglugerð 1195/2024.

Skýrsla fjármála- og áhættustýringarsviðs til borgarráðs við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar janúar-september 2024 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum með áherslu á myndræna framsetningu. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjorsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa. Með skýrslunni fylgja greinargerðir um Aðalsjóð, fagsvið og Eignasjóð og um B-hluta fyrirtæki.

Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs


# Efnisyfirlit

---



1.	Samantekinn reikningur A- og B-hluta .....	3
1.1.	Rekstur A- og B-hluta.....	3
1.2.	Efnahagur A- og B-hluta.....	6
1.3.	Sjóðstreymi A og B-hluta .....	7
2.	A-hluti.....	12
2.1.	Rekstur A-hluta.....	12
2.2.	Efnahagur A-hluta.....	15
2.3.	Sjóðstreymi A-hluta .....	17
2.4.	Fjármagnsliður A-hluta .....	19
2.4.1.	Skulda- og áhættustýring.....	21
3.	Samanteknir árshlutareikningar fyrirtækja Reykjavíkurborgar .....	23
	Viðauki 1: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið.....	24
	Viðauki 2: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum.....	25
	Viðauki 3: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur .....	26

# 1. Samantekinn reikningur A- og B-hluta

## 1.1. Rekstur A- og B-hluta




**Rekstrarniðurstaða samantekins reiknings A- og B-hluta var jákvæð um 1,6 ma.kr.** sem var 4,5 ma.kr. betri niðurstaða en á sama tímabili árið 2023. Í áætlun var gert ráð fyrir 10,2 ma.kr. rekstrarafgangi. **Grunnrekstur A- og B-hluta**, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 41,7 ma.kr. í afgang sem var um 4,9 ma.kr. undir áætlun en var 6,4 ma.kr. betri niðurstaða en árið 2023. EBITDA í hlutfalli af tekjum var 21% og hækkar um 1,5%-stig milli ára.




**Tekjur** tímabilsins námu 201,4 ma.kr. og hækkuðu um 18 ma.kr. samanborið við sama tímabil 2023 eða um 9,8%. Þar af hækkuðu skatttekjur og tekjur frá Jöfnunarsjóð um 9,2 ma.kr. eða um 8,4%, þar af skilaði 0,23% útsvarshækkun í ársbyrjun 1,5 ma.kr. Hækkun staðgreiðslu á milli ára nam 6,7% ef ofangreind útsvarshækkun er undanskilin. Aðrar tekjur hækkuðu um 8,8 ma.kr. sem að hluta má rekja til tekna frá OR en tekjur OR hækkuðu um 5,4 ma.kr. eða 12,7%. Tekjur af heitu vatni og rafmagni hafa aukist auk þess sem innkoma burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans hefur hér áhrif milli ára.

**Rekstrargjöld** með afskriftum námu 180,2 ma.kr. á tímabilinu og hækkuðu um 13,3 ma.kr. miðað við sama tímabil 2023 eða um 8%. Þar af hækkaði launakostnaður um 4,8 ma.kr. og annar rekstrarkostnaður um 7,6 ma.kr.




### Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta janúar-september 2024 og frávik frá áætlun með viðaukum (m.kr.)



Ef rekstrarliðir eru bornir saman við áætlun með viðaukum þá voru skatttekjur og tekjur af Jöfnunarsjóði 1,4 ma.kr. undir áætlun sem skýrist helst af því að staðgreiðsla útsvars hækkaði minna en gert var ráð fyrir í áætlun. Vísbendingar eru um að kólnun í hagkerfinu sé farin að hafa áhrif á staðgreiðsluna. Sala byggingarréttar var 1,3 ma.kr. undir áætlun en ljóst er að áætlanir um sölu byggingarréttar munu standast í árslok og söluhagnaður eigna var 2,1 ma.kr. undir áætlun. Laun og launatengd gjöld voru 1,2 ma.kr. innan áætlunar. Annar rekstrarkostnaður var 2,9 ma.kr. yfir áætlun sem rekja má til hærri rekstrarkostnaðar hjá A-hluta, Orkuveitunni og Sorpu, auk þess sem innri viðskipti í samstæðu voru meiri en áætlað var. Fjármagnsliðir voru 2,7 ma.kr. yfir áætlun einkum vaxta og verðbótargjöld sem voru 2,5 ma.kr. yfir áætlun. Matsbreyting fjárfestingaeigna nam 2,7 ma.kr. og var 1,2 ma.kr. lægri en áætlað var.


### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld A- og B-hluta janúar-september 2024 (m.kr.)




**Fjármagnsliðurinn** var neikvæður um 21,7 ma.kr. Vaxtagjöld og verðbætur námu 24,3 ma.kr., þar af námu verðbætur 12,7 ma.kr. Frá ársbyrjun hefur vísitala neysliverðs hækkað um 3,95%<sup>1</sup> samanborið við 4,2% sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Álverð hækkaði um 9,6% frá ársbyrjun til loka september. Tekjufærsla vegna innbyggðrar álafleiðu í raforkusölusamningum nam 731 m.kr.

Fjármagnskostnaður var 1,7 ma.kr. lægri í ár en á sama tímabili í fyrra. Þar munar mestu um að álafleiðan var 731 m.kr. tekjufærsla í ár en var 798 m.kr. gjaldfærsla í fyrra. Auk þess sem vaxtagjöld og verðbætur voru 815 m.kr. lægri í ár en á sama tímabili 2023.

<sup>1</sup> Skuldir Reykjavíkurborgar eru reiknaðar upp miðað við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og hefur hún hækkað um 4,62% á tímabilinu.



Matsbreyting fjárfestingareigna, sem er verðbreyting á þeim fasteignum Félagsbústaða sem ætlaðar eru til útleigu, er liður sem fylgir fasteignamati og getur sveiflast mikið eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Matsbreytingar fjárfestingaegna Félagsbústaða á tímabilinu janúar til september 2024 námu 2.747 m.kr. sem endurspeglar hækkun fasteignamats á tímabilinu febrúar 2023 til febrúar 2024 umfram vísitöluhækkun febrúar 2023 til áramóta 2023 og hækkun vísitölu frá febrúar 2024 og til loka september 2024.




Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álafleiðan) og gengismunur hjá OR geta haft mikil áhrif á fjármagnslið A- og B-hluta eins og myndin hér að ofan sýnir. Á fyrstu níu mánuðum ársins nam tekjufærsla vegna álafleiðu 731 m.kr. og tekjufærsla vegna gengismunar 134 m.kr.

## 1.2. Efnahagur A- og B-hluta

Efnahagur A- og B-hluta (m.kr.)	30.9.2024	31.12.2023	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	194.738	188.039	6.699	3,6%
Veitukerfi	421.052	416.886	4.166	1,0%
Fjárfestinga eignir	161.156	157.086	4.069	2,6%
Götur	40.864	38.705	2.159	5,6%
Aðrir fasta fjármunir	34.500	32.651	1.849	5,7%
Langtímakröfur	16.022	14.124	1.898	13,4%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	8.193	8.496	-303	-3,6%
Veltufjármunir án handb. fjár	49.786	49.278	509	1,0%
Handbært fé	27.058	27.085	-26	-0,1%
Eignir samtals	953.369	932.349	21.020	2,3%
<b>Eigið fé</b>	<b>437.828</b>	<b>437.089</b>	<b>739</b>	<b>0,2%</b>
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	40.033	39.602	431	1,1%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	1.965	1.961	4	0,2%
Aðrar skuldbindingar	29.535	29.943	-408	-1,4%
Langtímalán	359.354	342.089	17.264	5,0%
Leiguskuldir	10.949	11.392	-443	-3,9%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	28.340	31.688	-3.348	-10,6%
Aðrar langtímaskuldir	1.880	2.007	-128	-6,4%
Fyrirfram innborganir	3.403	392	3.011	768,2%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb.	40.082	36.185	3.897	10,8%
Skuldir og skuldbindingar samtals	515.541	495.261	20.280	4,1%
Skuldir og eigið fé samtals	953.369	932.349	21.020	2,3%


Breyting eigin fjár skýrist auk hagnaðar aðallega af þýðingarmun vegna eigna OR sem gerðar eru upp í erlendum gjaldmiðlum var neikvæður um 750 m.kr. Lækkun á hlutdeild minni hluta í eigin fé skýrist af útborguðum arði frá OR.




Hreinar vaxtaberandi skuldir jukust um 12 ma.kr. frá áramótum til loka september en hreinar skuldir jukust um 20 ma.kr. Hækkun hreinna vaxtaberandi skulda skýrist að mestu af hækkun verðbóta á tímabilinu.

**Athygli er vakin** á að við útreikning á hlutfalli hreinna skulda og hreinna vaxtaberandi skulda af tekjum er nauðsynlegt að skala tekjur upp m.v. heilt ár.

### 1.3. Sjóðstreymi A og B-hluta



Handbært fé nam 27,1 ma.kr. í lok tímabils og breyttist óverulega frá áramótum. Veltufé frá rekstri var jákvætt um 30,4 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 39,6 ma.kr., greidd gagnagerðargjöld og seldur byggingarréttur námu 3,2 ma.kr. Lántaka og ný stofnframlög námu 26,4 ma.kr. á tímabilinu og afborganir lána og leiguskulda námu 25 ma.kr.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var 15,1% og hækkaði um 0,8%-stig miðað við sama tímabil 2023 og hækkar nú annað árið í röð. Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til vaxtar og viðhalds eigna. Miklar greiðsluskuldbindingar og fjárfestingarþörf A- og B-hluta kalla á hátt hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum.



Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A- og B-hluta Reykjavíkurborgar síðastliðin 5 ár<sup>2</sup>.

A- og B-hluti	2020_09	2021_09	2022_09	2023_09	2024_09
Eiginfjárhlutfall	48,0%	46,9%	47,5%	46,5%	45,9%
Veltufjárhlutfall	1,14	1,53	1,14	1,04	1,04
Langtímaskuldir/eigið fé	76,3%	82,1%	78,9%	80,7%	85,0%
Uppgreiðslutími	10	12,0	13,4	10,6	9,9
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	15,3%	13,1%	11,8%	14,3%	15,1%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjum	19,0%	18,3%	16,1%	19,2%	20,7%

### Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða samantekins reiknings A- og B-hluta var jákvæð um 1,6 m.kr. sem var 4,5 ma.kr. betri niðurstaða en á sama tímabili árið 2023. Í áætlun var gert ráð fyrir 10,2 ma.kr. rekstrarafgangi. Tekjur hækkuðu um 18 ma.kr. samanborið við sama tímabil árið 2023 eða 9,8%. EBITDA í hlutfalli af tekjum var 21% og hækkar um 1,5%-stig milli ára.
- Veltufé frá rekstri samantekins reiknings A- og B-hluta í hlutfalli af tekjum var 15,1% og hækkaði um 0,8%-stig og hækkar annað árið í röð.
- Lántökur umfram afborganir hjá A- og B-hluta námu tæpum 1,5 ma.kr. og 601 m.kr. hjá A-hluta. Fjárfestingar eru því að mestu leyti fjármagnaðar með veltufé frá rekstri á tímabilinu.
- Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.
- Undanskilja skal veitu- og orkufyrirtæki við útreikning á jafnvægis- og skuldaviðmiði til ársloka 2029 samanber reglugerð 1195/2024.
- Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 1,1 ma.kr. sem var 280 m.kr. betri niðurstaða en á sama tímabili 2023. Áætlun gerði ráð fyrir 5,5 ma.kr. rekstrarafgangi. EBITDA í hlutfalli af tekjum var 6,6% eða 1,5%-stigum hærri en á sama tíma í fyrra.
- Reykjavíkurborg höfðaði mál á hendur íslenska ríkinu til greiðslu tiltekinna framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga fyrir árin 2015-2019, eða greiðslu að fjárhæð 5.418 m.kr. vegna annars vegar almenns jöfnunarframlags vegna reksturs grunnskóla og hins vegar framlags vegna kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 20. desember 2023 var íslenska ríkið dæmt til að greiða Reykjavíkurborg kr. 3.370 m.kr., ásamt vöxtum vegna umræddra tveggja framlaga fyrir árin 2015-2019, auk þess sem íslenska ríkið var talið hafa með ólögnum og saknæmum hætti útilokað Reykjavíkurborg frá því að geta hlotið þessi framlög á grundvelli ákvæða reglugerðar sem ekki var lagastoð fyrir. Ríkið vísaði málinu til Hæstaréttar og niðurstaða fékkst þann 20. nóvember sl. þar sem Hæstiréttur sýknaði ríkið af öllum kröfum Reykjavíkurborgar. Engar færslur voru færðar í bókum Reykjavíkurborgar vegna þessa máls á meðan að málið var fyrir dómstólum. Reykjavíkurborg var dæmd til að greiða 4 m.kr. í málskostnað sem bókaður verður á fjórða ársfjórðungi.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu Félagsbústaða vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er nær að horfa til veltufjár frá rekstri.
- Veltufé frá rekstri Félagsbústaða nam 1,5 ma.kr. á fyrstu 9 mánuðum 2024 og er herra en afborganir langtímalána á tímabilinu sem námu 1,1 ma.kr. Afborganir lána hafa hækkað um 12,5% milli ára vegna verðbólgu og vegna þess að stór hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxta- og skuldabekja eru yfir lágmörkum.
- Rekstrarniðurstaða OR var jákvæð um 5,1 ma.kr. sem er hækkun um 1,5 ma.kr. milli ára eða um 44%. Grunnrekstur OR (EBITDA) hækkar samanborið sama tímabil 2023 um 2,1 ma.kr. eða um 8,4%. Rekstrartekjur hækkuðu um 4,9 ma.kr. eða 11,4% en rekstrargjöld hækkuðu um 2,8 ma.kr. eða 15,9%. Hækkun tekna skýrist helst af auknum tekjum af heitu vatni og rafmagni ásamt því að tekjur vegna innkomu burðarnets Sýnar í rekstur Ljósleiðarans hafa áhrif til hækkunar m.v. samanburðartímabil. Veltufé frá rekstri nam 20,7 ma.kr. og hækkaði um 5,2% miðað við sama tímabil í fyrra.
- Kennitölur OR eru yfir markmiðum arðgreiðsluskilyrða. Gjaldeyrísáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá ON Power. Á fyrstu 9 mánuðum ársins 2024 voru tekjur í erlendri mynt um 7,8 ma.kr. á meðan kostnaður og afborganir í erlendri mynt nam um 8,8 ma.kr. Það er svipað og á sama tímabili 2023.









<sup>2</sup> Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.

## Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Í desember 2022 samþykkti borgarstjórn fjármálastefnu 2023-2027, með skýrum áherslum um hvernig tekist yrði á við hallarekstur og erfiðar aðstæður í alþjóðlegu efnahagsumhverfi. Til lengri tíma litið með vexti þróttmikils borgarsamfélags, en til skemmri tíma með markvissum aðgerðum í rekstri og samdrætti í fjárfestingum miðað við fyrri áætlanir. Í fjármálastefnunni voru settar skýrar megináherslur sem unnið hefur verið eftir ásamt markmiðum og mælikvörðum sem er fylgt eftir með reglubundnum hætti. Mælikvarðar A-hluta fyrir tímabilið sýna áfram hægfara bata, en þrátt fyrir þann árangur er mikilvægt að halda áfram framfylgd fjármálastefnunnar.
- Rekstur leikskóla hefur verið í verulegum halla frá hausti 2020. Ætla má að það skýrist af ýmsum samverkandi þáttum s.s. áhrifum af styttingu vinnuvikunnar, fjölgun undirbúningstíma, auknum veikindum og fækkun barna í umsjón hvers starfsmanns. Fyrir liggur nýtt úthlutunarlíkan fyrir leikskóla borgarinnar sem samþykkt hefur verið að taka í notkun frá og með 1. janúar 2025.
- Á sama tíma og áhersla er á fjölgun leikskólalássa til að takast á við biðlista, hefur borgin ítrekað þurft að taka leikskólaláshúsnæði úr rekstri vegna rakaskemmda sem hefur hægt á getu sviðsins til að ná niður biðlistum í samræmi við væntingar. Þá hefur ekki tekist að fullmanna leikskóla borgarinnar sem jafnframt hefur leitt til þess að gildandi rekstrarleyfi eru ekki fullnýtt. Mikilvægt er að áætlun um uppbyggingu og fjölgun leikskólarárma taki mið af þessari stöðu.
- Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 17.216 m.kr. en tekjur námu aðeins 10.987 m.kr. Heildarniðurstaða var því neikvæð um 6.228 m.kr. Sterkar vísbendingar eru um að útgjöld til þjónustunnar haldi áfram að vaxa umtalsvert á næstu árum, enda framundan mikil uppbyggingarþörf vegna búsetuúrræða og fleiri þátta. Starfshópur var skipaður snemma á árinu til að takast á við þá þætti sem enn standa út af borðinu í kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum. Engar niðurstöður liggja fyrir um ábyrgðaskiptingu verkefna eða frekari fjármögnun.
- Uppsafnaður halli borgarinnar vegna málaflokks fatlað fólks hefur vaxið hratt síðustu árin og er kominn í 50 ma.kr. að nafnvirði frá því að sveitarfélögin tóku við málaflokknum árið 2011. Þrátt fyrir auknar tekjutilfærslur í gegnum útsvarið á síðustu tveimur árum dugar það ekki fyrir þeim lögbundnu skyldum sem lagðar hafa verið á sveitarfélögin. Áframhaldandi vanfjármögnun á málaflokknum af hálfu ríkisins er óásættanleg og ógnar sjálfbærni í rekstri.
- Útgjöld vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir voru 1.152 m.kr. eða 96% umfram fjárheimildir. Hér er um að ræða alvarlega stöðu á lögbundnum lið. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum að úrbótum.
- Útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur frá ríkinu til rekstrar voru 326 m.kr. Viðvarandi rekstrarhalli hefur verið á Seljahlíð þar sem daggjöld standa ekki undir kostnaði sökum smæðar heimilisins. Reykjavíkurborg hefur sagt upp samningi við ríkið um rekstur Seljahlíðar sem átti að koma til framkvæmda á síðasta ári. Að beiðni ríkisins hefur samningurinn verið framlengdur fram á mitt næsta ár eða til 30.06.2025 en á móti koma 8,6 m.kr. mánaðarlega í viðbótargreiðslur til reksturs heimilisins frá sept. 2024 til júní 2025. Halli af rekstri Droplaugarstaða kemur m.a. til af afskriftum og fjármagnskostnaði (innri leigu). Halli vegna þessa er óásættanlegur í ljósi þess að ríkið ber alla ábyrgð á fjármögnun rekstrarins. Þar sem Reykjavíkurborg fjármagnaði byggingu Droplaugarstaða að fullu á sínum tíma, ber ríkinu að greiða auk daggjalda kostnað sem svarar til innri leigu til að gætt sé jafnræðis á milli rekstraraðila hjúkrunarheimila á landsvísu. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg sækji hækkunir vegna þessa sem og eðlilegra útgjaldahækkana svo unnt sé að halda uppi umsömdu þjónustustigi. Þá er brýnt að niðurlagning hjúkrunarrýma í Seljahlíð nái fram að ganga um mitt næsta ár.
- Vetrarþjónusta Reykjavíkurborgar var 853 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu vegna aukinnar þjónustu og ótíðar. Hér er um afar mikinn kostnaðarauka að ræða umfram fjárheimildir. Unnin hefur verið greining á þjónustustigi og það kostnaðarmetið. Mikilvægt er að fylgst verði með árangri af umbótum.
- Mikilvægt er að rýna fjármagnsskipan Faxaflóahafna með hliðsjón af kröfum eigenda um arðsemi og eiginfjárhlutfall. Að sama skapi er mikilvægt að félagið hafi á hverjum tíma getu til að greiða eigendum sínum eðlilegan arð af því fé sem bundið er í félaginu.
- Félagsbústaðir hafa óskað eftir því við velferðarráð að leiga verði hækkuð um 6,5% frá og með næstu áramótum vegna ósjálfbærni í rekstri félagsins. Unnið er að því að meta áhrif og mögulegar mótvægisáðgerðir. Mikilvægt er að tryggja Félagsbústöðum sterkt veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna getur aukið þrýsting á hækkun leigu.
- Framlegð Orkuveitu Reykjavíkur (EBITDA / rekstrartekjur) hefur veikst það sem af er ári. Hún er 57,4% en var 59,1% sama tímabili í fyrra. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs. Að sama skapi er mikilvægt að félagið hafi á hverjum tíma getu til að greiða eigendum sínum eðlilegan arð af því fé sem bundið er í félaginu.
- Lán OR sem hafa eigendaábyrgð nema um 45 ma.kr., en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 42,1 ma.kr., og hefur lækkað um 7,8 ma.kr. frá áramótum.
- Brýnt er að endurskoða eigendastefnu OR og tryggja að hún nái betur utanum umfang og áskoranir dótturfélaga OR.


- Strætó er í miklum rekstrarvanda þrátt fyrir viðbótarframlög sveitarfélaganna inn í reksturinn á síðustu tveimur árum og er eigið fé þess uppuríð. Fyrir liggur samkomulag ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlegan rekstur almenningssamgangna sem á að hefjast eigi síðar en 1. janúar 2025.

## Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A- og B-hluta



## 2. A-hluti


### 2.1. Rekstur A-hluta



Rekstur A-hluta (í m.kr.)	Raun 2024_09	Áætlun 2024_09	Frávik	%	Raun 2023_09	Breyting	%
Staðgreiðsla	97.110	99.872	-2.763	-2,8%	89.584	7.526	8,4%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-14.844	-14.744	-100	0,7%	-12.458	-2.386	19,2%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	4.416	2.850	1.566	54,9%	4.132	283	6,9%
<b>Nettó útsvar</b>	<b>86.682</b>	<b>87.978</b>	<b>-1.297</b>	<b>-1,5%</b>	<b>81.258</b>	<b>5.424</b>	<b>6,7%</b>
Fasteignaskattar	20.240	20.247	-6	0,0%	18.877	1.363	7,2%
Lóðarleiga	1.861	1.879	-18	-1,0%	1.725	136	7,9%
<b>Fasteignaskattar samtals</b>	<b>22.101</b>	<b>22.126</b>	<b>-25</b>	<b>-0,1%</b>	<b>20.602</b>	<b>1.499</b>	<b>7,3%</b>
<b>Skatttekjur samtals</b>	<b>108.783</b>	<b>110.104</b>	<b>-1.321</b>	<b>-1,2%</b>	<b>101.860</b>	<b>6.923</b>	<b>6,8%</b>
Framlög Jöfnunarsjóðs	11.400	11.469	-69	-0,6%	9.125	2.275	24,9%
Þjónustutekjur	10.822	10.000	822	8,2%	9.595	1.227	12,8%
Eignatekjur	27.664	27.117	547	2,0%	23.045	4.620	20,0%
Sala byggingaréttar	1.646	2.999	-1.353	-45,1%	1.689	-43	-2,6%
Söluhagnaður (-)tap) eigna	23	2.200	-2.177	-99,0%	690	-667	-96,7%
Endurgreiðslur annarra	6.982	5.766	1.216	21,1%	6.186	796	12,9%
Aðrar tekjur	1.439	1.296	143	11,0%	2.404	-965	-40,1%
Milliviðskipti tekin út	-27.718	-26.801	-917	3,4%	-24.440	-3.278	13,4%
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>141.041</b>	<b>144.150</b>	<b>-3.109</b>	<b>-2,2%</b>	<b>130.154</b>	<b>10.888</b>	<b>8,4%</b>
Laun og launatengd gjöld	-76.952	-76.379	-574	0,8%	-72.955	-3.997	5,5%
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar við LsRb.	-1.767	-1.987	221	-11,1%	-2.625	858	-32,7%
<b>Launakostnaður samtals</b>	<b>-78.719</b>	<b>-78.366</b>	<b>-353</b>	<b>0,5%</b>	<b>-75.580</b>	<b>-3.139</b>	<b>4,2%</b>
Annar rekstrarkostnaður	-53.039	-50.416	-2.623	5,2%	-47.953	-5.087	10,6%
Afskriftir	-7.047	-6.981	-66	0,9%	-6.200	-847	13,7%
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>-138.806</b>	<b>-135.763</b>	<b>-3.042</b>	<b>2,2%</b>	<b>-129.733</b>	<b>-9.073</b>	<b>7,0%</b>
Fjármagnsliðir og hlutd. í afkomu hlutdeildarf.	-3.370	-2.937	-433	14,7%	-1.835	-1.535	83,7%
<b>EBITDA</b>	<b>9.283</b>	<b>15.369</b>	<b>-6.086</b>	<b>-39,6%</b>	<b>6.621</b>	<b>2.662</b>	<b>40,2%</b>
<b>EBIT</b>	<b>2.235</b>	<b>8.387</b>	<b>-6.152</b>	<b>-73,3%</b>	<b>420</b>	<b>1.815</b>	<b>431,8%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-1.134</b>	<b>5.451</b>	<b>-6.585</b>	<b>-120,8%</b>	<b>-1.414</b>	<b>280</b>	<b>-19,8%</b>

**Rekstrarniðurstaða A-hluta** var neikvæð um 1.134 m.kr. sem var 280 m.kr. betri en á sama tímabili 2023. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan yrði jákvæð um 5.451 m.kr. **Grunnreksturinn**, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var jákvæð um 9.283 m.kr. sem var um 2.662 m.kr. betri niðurstaða en fyrir ári síðan.


## Rekstur A-hluta samanborið við sama tímabil 2023



Skatttekjur ásamt tekjum frá Jöfnunarsjóði jukust um 9,2 ma.kr., þar af jókst staðgreiðsla útsvars um 7,5 ma.kr. Í desember 2022 náðist samkomulag við ríkið um breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið fól í sér tilfærslu skatttekna frá ríkinu til sveitarfélaga sem nam 0,22% af útsvarsstofni frá og með árinu 2023 og 0,23% frá og með árinu 2024. Rekja má 1.492 m.kr. hækkun í staðgreiðslu útsvars milli ára til þeirra breytingar. Sé hins vegar horft til hækkunar útsvars frá upphafi árs 2023 hefur prósentuhækkun beggja ára skilað 2.919 m.kr. herra útsvari fyrir fyrstu 9 mánuði ársins. Þrátt fyrir samkomulagið glíma sveitarfélög enn við mikla vanfjármögnun vegna málaflokks fatlaðs fólks og er það eitt af áherslum Reykjavíkurborgar í gildandi fjármálastefnu að leiðrétta fjármögnun hans.

Launakostnaður hækkaði um 4 ma.kr. á milli ára en nýir kjarasamningar við nokkur stéttarfélag hafa hér nokkur áhrif. Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindingar var hins vegar 858 m.kr. lægri en á sama tímabili 2023. Annar rekstrarkostnaður jókst um 5,1 m.kr. á milli ára og afskriftir um 847 m.kr. Nettó fjármagnsgjöld voru hærri í ár um 1,5 ma.kr. Greiddur arður var 1,6 ma.kr. lægri en fyrir ári síðan sem skýrist að mestu af að arður frá Faxaflóahöfnum var um 1,2 ma.kr. lægri en á síðasta ári.

## Rekstur A-hluta saman borinn við fjárhagsáætlun með viðaukum



Skatttekjur voru 108,8 ma.kr. eða 1,3 ma.kr. undir áætlun, þar af var staðgreiðsla útsvars 2,8 ma.kr. undir áætlun. Vísbendingar eru um að kólnun í hagkerfinu sé farin að hafa áhrif á staðgreiðsluna. Tekjur vegna skattbreytinga ásamt niðurfærslum og afskrift skatttekna voru 4,4 ma.kr. eða 1,6 ma.kr. yfir áætlun. Fasteignaskattar og lóðarleiga<sup>3</sup> nam 22,1 ma.kr. eða 25 m.kr. undir áætlun. Framlög Jöfnunarsjóðs voru 11,4 ma.kr. eða 69 m.kr. undir áætlun. Endurgreiðslur annarra<sup>4</sup> námu 7 ma.kr. og voru 1,2 ma.kr. yfir áætlun, þar af voru endurgreiðslur frá ríki og öðrum sveitarfélögum 1.039 m.kr. yfir áætlun og ýmsir styrkir 177 m.kr. yfir áætlun. Mest frávik voru í framfærslustyrk v. erlendra ríkisborgara sem var 382 m.kr. yfir áætlun. og vegna Klettaskóla 213 m.kr. yfir áætlun. Sala byggingarréttar nam 1,6 ma.kr. og var 1,4 ma.kr. undir áætlun. Þó er ljóst að áætlanir varðandi sölu byggingarréttar munu standast í árslok. Söluhagnaður eigna var 2,2 ma.kr. undir áætlun. Þjónustutekjur voru 10,8 ma.kr. eða 822 m.kr. hærri en áætlað var.

<sup>3</sup> Fasteignaskattar A-hluta samanstanda af fasteignasköttum Aðalsjóðs að frádrögnum fasteignagjöldum af fasteignum Eignasjóðs.

<sup>4</sup> Nánari sundurliðun á endurgreiðslum annarra er að finna í umfjöllun um Aðalsjóð í greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta.

Laun og launatengd gjöld námu 77 ma.kr. og voru 574 m.kr. yfir fjárheimildum. Helstu frávik má rekja til afleysinga vegna veikinda og orlofstöku á uppsöfnuðu orlofi. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga nam 1,8 ma.kr. sem var 221 m.kr. undir áætlun. Endurmat lífeyrisskuldbindingarinnar í tengslum við útkomuspá ársins 2024 bendir til að gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar í árslok nemi 2,1 ma.kr. í stað 2,7 ma.kr. og gjaldfærslur næstu mánaða taka mið af því. Endurmatið byggir á endurskoðuðum forsendum um launavísitölu opinberra starfsmanna, vísitölu neysliverð og þróun á ávöxtunarkröfu HFF34-flokksins á markaði. Samanlagt hafa endurskoðaðar forsendur jákvæð áhrif á endurmatið. Annar rekstrarkostnaður nam 53 ma.kr. og var um 2,6 ma.kr. umfram fjárheimildir en tekjur koma á móti hluta þessa kostnaðar.<sup>5</sup> Helstu frávik frá áætlun í öðrum rekstrarkostnaði er að finna á skóla- og frístundasviði m.a. í hráfniskostnaði mótuneyta sem var 374 m.kr. yfir fjárheimildum. Á velferðarsviði má rekja frávik sviðsins meðal annars til vistgreiðslna vegna barna á vegum Barnaverndar Reykjavíkur sem voru 1.152 m.kr. yfir fjárheimildum.

## Rekstur málaflokkanna

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs var 1.647 m.kr. yfir fjárheimildum en þar af var skóla- og frístundasvið 2.041 m.kr. yfir fjárheimildum en á sameiginlegum kostnaði eru áætlaðar 1.480 m.kr. vegna leikskóla sem koma til lækkunar á frávikum sviðsins. Velferðarsvið án bundinna liða<sup>6</sup> var 1.621 m.kr. yfir fjárheimildum, sem skýrist að stærstum hluta af vistunum barna á vegum Barnaverndar Reykjavíkurborgar sem var 1.152 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik í bundnum liðum skýrast að mestu af að endurgreiddur kostnaður frá ríki vegna aðstoðar við erlenda ríkisborgara var um 382 m.kr. yfir áætlun. Frávik í skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu í Eignasjóðs skýrist að mestu af lægri tekjum af sölu byggingarréttar. Frávik hjá Eignaskrifstofu skýrist af að sala eigna hefur dregist.


Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða jan.-sept. 2024	Áætlun jan.-sept. 2024	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflokka í hlutfalli af skatttekjum A-hluta
Fjármála- og áhættustýringarsvið	789	847	-58	-7%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	4.041	4.027	14	0%	3%
Menningar- og íþróttasvið	14.935	14.898	37	0%	12%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	677	667	10	1%	1%
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	1.736	1.813	-77	-4%	1%
Skóla- og frístundasvið	57.948	55.907	2.041	4%	48%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	8.872	8.926	-54	-1%	7%
Velferðarsvið án bundinna liða	31.858	30.238	1.621	5%	27%
Velferðarsvið, bundnir liðir	3.128	3.891	-763	-20%	3%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	3.542	3.274	268	8%	3%
Sameiginlegur kostnaður	3.347	4.517	-1.170	-26%	3%
Lífeyrisskuldbindingar við LsRb	1.767	1.988	-221	-11%	1%
<b>Málaflokkar Aðalsjóðs samtals</b>	<b>132.639</b>	<b>130.992</b>	<b>1.647</b>	<b>1%</b>	<b>110%</b>
<b>Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga</b>					<b>120.183</b>
Eignaskrifstofa	-13.716	-15.414	1.698	-11%	
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu ES	-1.326	-2.736	1.411	-52%	
Umhverfis- og skipulagssvið Eignasjóðs	3.053	3.037	16	1%	
<b>Málaflokkar Eignasjóðs samtals</b>	<b>-11.989</b>	<b>-15.113</b>	<b>3.124</b>	<b>-21%</b>	

<sup>5</sup> Nánari greiningu rekstrargjalda má finna í greinargerð fagsviða með árhlutareikningi Reykjavíkurborgar janúar-september 2024.

<sup>6</sup> Bundnir liðir eru fjárhagsaðstoð og húsnæðisstuðningur.

## Sveiflukenndir liðir


Á meðal tekna A-hluta eru sveiflukenndir liðir einkum tekjur af sölu byggingaréttar og hagnaður af sölu eigna. Í góðæri og á uppbyggingarskeiðum hækka þessar tekjur oft verulega en dragast saman á samdráttarskeiðum. Á myndinni hér að neðan eru þessar tekjur sýndar síðastliðin 5 ár.



## 2.2. Efnahagur A-hluta

Efnahagur A-hluta (m.kr.)	30.9.2024	31.12.2023	Breyting	%
Ófnislegar eignir - hugbúnaður	5.780	5.272	508	9,6%
Fasteignir og lóðir	167.168	162.241	4.927	3,0%
Götur	40.432	38.250	2.182	5,7%
Áhöld og tæki	8.221	8.728	-506	-5,8%
Leigueignir	5.636	5.899	-263	-4,5%
Langtímakröfur	18.007	16.775	1.232	7,3%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	7.804	8.093	-289	-3,6%
Veltufjármunir án handb.fjár	22.468	22.963	-495	-2,2%
Handbært fé	11.824	11.506	319	2,8%
Eignir samtals	287.341	279.727	7.614	2,7%
Eigið fé	80.120	81.254	-1.134	-1,4%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	39.159	38.745	414	1,1%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	1.908	1.908	0	0,0%
Langtímalán	121.239	111.753	9.487	8,5%
Leiguskuldir	10.770	11.258	-488	-4,3%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	9.158	12.838	-3.680	-28,7%
Skammtímaskuldir án næsta árs afborgana	24.987	21.970	3.017	13,7%
Skuldir og skuldbindingar samtals	207.221	198.473	8.748	4,4%
Skuldir og eigið fé samtals	287.341	279.727	7.614	2,7%





Rekja má aukningu í hreinum skuldum<sup>7</sup> að mestu til verðbóta á tímabilinu.

**Athygli er vakin** á að við útreikning á hlutfalli hreinna skulda og hreinna vaxtaberandi skulda af tekjum er nauðsynlegt að skala tekjur upp m.v. heilt ár.

Skuldir og skuldbindingar A-hluta 30.9.2024							
í m.kr.	Staðan 1.1.2024	Lántaka	Afborganir	Verðbreyting	Áfallnar skuldbindingar	Breyting skammtíma- skulda	Staðan 30.9.2024
Lífeyrisskuldbinding*	40.653		1.767		-1.353		41.067
Langtímaskuldir*	122.941	11.052	-9.144	3.763			128.612
Leiguskuldbindingar*	12.908	440	-1.306	514			12.556
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	27					86	113
Viðskiptaskuldir	7.073					-2.415	4.658
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki	882					-293	590
Fyrirframgr. (frá ríki v. Sléttuvegar)	80					425	506
Ógr. laun og launat.gj., áf. orlof	10.673					4.558	15.231
Aðrar skammtímaskuldir	3.235					654	3.889
	198.473	11.492	-8.684	4.276	-1.353	3.017	207.221


\* ásamt næsta árs afborgunum

Hér má sjá yfirlit þróun skulda og skuldbindinga frá áramótum. Lántökuáætlun ársins vegna framkvæmda hljóðar upp á 16,5 ma.kr. og var í lok september búið að taka lán að fjárhæð 11 ma.kr. Afborganir langtímaskulda á tímabilinu námu 9,1 ma.kr. þar af var lán að fjárhæð 4,8 ma.kr. greitt upp en búið var að fjármagna þá greiðslu með lántöku að hluta fyrir á árinu en hluti þess var fjármagnaður af handbæru fé. Vegna uppgreiðslu lánsins hafa næsta árs afborganir í efnahag lækkað og nema 7,4 ma.kr. en þær námu 11,2 ma.kr. í ársbyrjun. Hækkun launaliðarins skýrist að mestu af að útborgun launa fór fram eftir mánaðarmót.


<sup>7</sup> Hreinar skuldir eru skilgreindar sem allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum fyrirframgreiddum kostnaði (langtíma), öðrum langtímakröfum og veltufjárumnum.

Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.

## 2.3. Sjóðstreymi A-hluta



Handbært fé frá áramótum til loka september hækkaði um 319 m.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 15,3 ma.kr. Greidd gatnagerðagjöld og sala byggingarréttar námu 3,2 ma.kr. Lántaka langtímalána tímabilsins nam 11,1 ma.kr., engin útgáfa var í grænum skuldabréfum á tímabilinu. Afborganir lána og leiguskulda námu 10,5 ma.kr.












Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var jákvætt um 7,5% á fyrstu níu mánuðum ársins 2024.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta sl. 5 ár:<sup>8</sup>


A-hluti	2020_09	2021_09	2022_09	2023_09	2024_09
Eiginfjárhlutfall	44,9%	37,7%	32,9%	29,1%	27,8%
Arðsemi eigin fjár	-1,1%	-7,4%	-16,1%	-2,3%	-1,9%
Veltufjárhlutfall	1,47	1,58	1,02	1,10	0,95
Langtímaskuldir/eigið fé	62,6%	93,5%	122,2%	148,9%	164,8%
Uppgreiðslutími	8	39	90	10	10
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjum	2,3%	-0,7%	-2,0%	5,1%	6,6%

<sup>8</sup> Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgæfum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.

## Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A-hluta



## 2.4. Fjármagnsliður A-hluta




**Fjármagnsliður A-hluta** samanstendur af fjármagnslið Aðalsjóðs og Eignasjóðs.

**Fjármagnsliður A-hluta** var neikvæður um 3.315 m.kr. á tímabilinu sem er 378 m.kr. verri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlun.


**Fjármunatekjur A-hluta** voru 5.845 m.kr. sem var 292 m.kr. umfram áætlun tímabilsins. Betri niðurstaða skýrist einna helst af ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár sem var 134 m.kr. yfir áætlun, ávöxtun á skuldabréfasafni sem var hærri en áætlað var. Á móti kemur að vextir á skammtíamarkaði voru heldur lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Tekjur af ábyrgðargjaldi voru 57 m.kr. yfir áætlun og aðrar vaxtatekjur 102 m.kr. yfir áætlun.

**Fjármagnsgjöld A-hluta** voru 9.160 m.kr. sem er 670 m.kr. umfram áætlun. Skýrist það af 620 m.kr. hærri vaxta- og verðbóttagjöldum vegna hærri verðbólgu og vaxta en forsendur áætlunar gerðu ráð fyrir en einnig af 46 m.kr. hærri fjármagnstekjuskatti, m.a. vegna skuldabréfasafns. Önnur fjármagnsgjöld voru 4 m.kr. yfir áætlun.

**Handbært fé A-hluta** í lok september 2024 var 11.824 m.kr. sem skiptist í skuldabréfasafn 7.485 m.kr., peningamarkaðsinnlán 4.092 m.kr. og stöðu á veltureikningum 247 m. kr. Handbært fé hækkaði um 319 m.kr. á tímabilinu. Fjárhagsáætlun 2024 gerði ráð fyrir að handbært fé myndi hækka um 2.441 m.kr. tímabilinu.




**Ávöxtun á handbært fé** var 134 m.kr. umfram áætlun tímabilsins. Vaxtatekjur voru 621 m.kr. samanborið við 488 m.kr. sem áætlunin hljóðaði upp á. Fráviknið skýrist af því að ávöxtun á skuldabréfasafni Reykjavíkurborgar var 158 m.kr. yfir áætlun og ávöxtun peningamarkaðsinnlána var 26 m.kr. undir áætlun. Ávöxtun skuldabréfasafnsins var 6,08% á tímabilinu en safnið er í umsýning Íslenskra verðbréfa hf.



**Reykjavíkurborg ávaxtar allt laust fé** miðað við sjóðsþörf A-hluta á hverjum tíma og velur ávöxtunarleið samkvæmt reglum um fjárstýringu og þau kjör sem bjóðast og er þannig reynt að hámarka ávöxtun handbærs fjár A-hluta. Meginvextir Seðlabankans hafa verið óbreyttir frá ágúst í fyrra og eru 9,25%.

**Langtímaskuldir** Reykjavíkurborgar námu 128.612 m.kr. Eftirfarandi mynd sýnir þróun þeirra frá árinu 2014. Staða langtímaskulda var 122.941 m.kr. í upphafi árs og hafa hækkað um 5.670 m.kr. þar af var ný lántaka 11.052 m.kr., afborganir námu 9.144 m.kr. og verðbætur og afköll tímabilsins voru 3.763 m.kr.



**Fjármögnun** Reykjavíkurborgar með áföllnum vöxtum nemur 11.144 m.kr. að markaðsvirði á tímabilinu. Sjá nánar um lántöku ársins í töflu. Lántökuáætlun ársins hljóðar upp á 16.500 m.kr.


Markaðsverð lántöku 2024

Flokkar	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September
RVK 53 1	532			215					
RVK 32 1			100						
RVK 44 1									4.090
RVKG 48 1									
RVKN 27 1				3.000					
RVKN 35 1	770	2.086	250	101					
RVKNG 40 1									
Samtals markaðsverð	1.302	2.086	350	3.316	0	0	0	0	4.090
Uppsafnað markaðsverð	1.302	3.388	3.738	7.054	7.054	7.054	7.054	7.054	11.144
Áætluð lántaka - jafnskipt	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500
Eftirstöðvar áætaðrar lántöku	15.198	13.112	12.762	9.446	9.446	9.446	9.446	9.446	5.356

**Verðtryggingarhlutfall** útgefinna skuldabréfa og lána hjá viðskiptabönkum er 73% og hefur hlutfallið aukist um 3 prósentustig á árinu 2024. Verðtryggð skuldabréfaflokkurinn RVK 53 1 er enn stærstur eða 32% af eftirstöðvum. Yfirlit yfir langtímalán má sjá í eftirfarandi töflu.

Flokkur	Samtals útgefið		Greiðslutegund	Eftirstöðvar			Hlutfall	
	30.09.2024	Vextir		30.09.2024	Lokagjalddagi	Vísitölutenging		
RVKN 27 1	3.000.000	9,52%	Kúlubréf	3.000.000	26.4.2027	Óverðtryggt	2,3%	
RVKN 35 1	28.440.000	6,72%	Jafnar afborganir	15.789.907	26.3.2035	Óverðtryggt	12,3%	
RVKNG 40 1	9.130.000	4,50%	Jafnar afborganir	7.293.817	21.8.2040	Óverðtryggt	5,7%	
Íslandsbanki - langtíma	6.000.000	Breytilegir	Óreglulegt	5.760.000	1.11.2032	Óverðtryggt	4,5%	
Landsbanki - langtímal	4.000.000	Breytilegir	Jafnar afborganir	3.533.333	25.10.2037	Óverðtryggt	2,7%	
RVK 32 1	31.893.000	2,50%	Jafngreiðslubréf	28.376.847	21.10.2032	Verðtryggt	22,1%	
RVK 44 1	4.130.000	3,75%	Jafngreiðslubréf	4.091.064	21.5.2044	Verðtryggt	3,2%	
RVKG 48 1	14.545.000	2,39%	Jafngreiðslubréf	17.112.674	21.10.2048	Verðtryggt	13,3%	
RVK 53 1	23.710.000	4,40%	Jafngreiðslubréf	41.489.512	10.12.2053	Verðtryggt	32,3%	
Landsbanki - langtímal	2.000.000	Breytilegir	Jafnar afborganir	2.017.138	25.10.2037	Verðtryggt	1,6%	
Jöfnunarsjóður	180.000	2,00%	Jafnar afborganir	147.240	1.1.2037	Verðtryggt	0,1%	
* Allar fjárhæðir í þús. króna							128.611.532	

**Virkir vextir** af langtímalánum eru vegnir vextir hversrar útgáfu af heildarútgáfu í sérhverjum skuldabréfaflokki. Virkir vextir óverðtryggða lána í lok tímabilsins stóðu í 8,09% og hafa hækkað nokkuð á árinu. Virkir vextir verðtryggðra lána stóðu í 3,03% í lok september. Langtíma lán hjá Landsbanka og Íslandsbanka bera breytilega vexti en samtals hafa verið tekin lán að fjárhæð 12.000 m.kr. með breytilegum vöxtum.



## 2.4.1. Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er verðbólguáhætta. Skuldir borgarinnar eru að stórum hluta verðtryggðar og hækka samhliða aukinni verðbólgu. Reykjavíkurborg á einnig verðtryggðar eignir en þær eru að megninu til í verðtryggðum markaðsskuldabréfum í verðbréfasafni í stýringu hjá Íslenskum verðbréfum. Verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir og því ber Reykjavíkurborg kostnað vegna aukinnar verðbólgu.

Lausafjárahætta er önnur áhætta sem Reykjavíkurborg fylgist vel með. Reglur Reykjavíkurborgar um fjárstýringu kveða á um að tryggt skuli vera að Reykjavíkurborg hafi ávallt aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs og tekur skuldastýring og ávöxtun handbærs fjár mið af því. Reykjavíkurborg er með samning um yfirdráttarlán hjá Landsbanka að fjárhæð 8 milljarðar og með samning um 4 milljarða yfirdráttarlán hjá Arion banka í lok september 2024 til að jafna sveiflur í sjóðstreymi innan mánaðar.

Vaxtaáhætta er til staðar þar sem búið er að taka lán með breytilegum vöxtum sem taka mið af markaðsvöxtum á hverjum tíma. Lán með breytilegum vöxtum eru um 8,8% af heildarlánum Reykjavíkurborgar. Hækkun markaðsvaxta hefur neikvæð áhrif á rekstur Reykjavíkurborgar.

Hér að neðan er listi yfir helstu aðgerðir í skuldastýringu á tímabilinu:

1. Í apríl 2024 gaf Reykjavíkurborg út nýjan óverðtryggðan stuttan skuldabréfaflokk, RVKN 27 1. Skuldabréfið er vaxtagreiðslubréf með lokagjalddaga 26. apríl 2027 og tveimur vaxtagjalddögum á ári. Nafnvextir skuldabréfsins eru 9,52%. Tilgangurinn með þessari útgáfu var að bregðast við fjárförf til skemmri tíma og endurfjármagna hluta af

skuldabréfaflokknum RVKN 24 1 sem var á gjalddaga í maí 2024. Einnig að auka vægi óverðtryggðrar fjármögnunar og ná til breiðari hóps fjárfesta. Skuldabréf að nafnvirði 3.000 m.kr. voru gefin út í þessum flokki í apríl 2024.

2. Í júní 2024 var undirritaður lánssamningur var samið við Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB) að fjárhæð 100 milljónir evra eða sem samsvarar 15 milljörðum króna. Tilgangur lántökunnar er að fjármagna viðhaldsátak í grunnskólum, leikskólum og frístund. CEB lánar eingöngu í evrum en unnið er að því að skoða varnir gagnvart gengisáhrifum í samstarfi við innlenda banka. Engin kostnaður hefur fallið til vegna samningsins þar sem ekki hefur ennþá verið dregið á lánið á tímabilinu.
3. Í september 2024 stofnaði Reykjavíkurborg nýjan verðtryggðan skuldabréfaflokk RVK 44 1. Skuldabréfið er verðtryggt jafngreiðslubréf með lokagjalddaga 21. maí 2044 og tveimur gjalddögum á ári. Nafnvextir skuldabréfsins eru 3,75%. Tilgangur þessarar útgáfu er að koma með nýjan valkost á móti skuldabréfaflokkunum RVK 32 1 sem er orðinn stuttur í líftíma og stór í útgáfu og RVK 53 1 sem er einnig stór í útgáfu. Skuldabréf að nafnvirði 4.130 m.kr. voru gefin út í þessum skuldabréfaflokki í september.
4. Reykjavíkurborg hefur verið með sex útboð á skuldabréfum á innlendum lánamarkaði á tímabilinu janúar-september. Útgáfuáætlun gerði ráð fyrir átta útboðum á þessu tímabili en tvö voru felld niður. Útboð í janúar, febrúar, mars og apríl voru í umsjón viðskiptavaka, Fossar sáu um útboð í apríl þar sem selt var í nýjum stuttum óverðtryggðum skuldabréfaflokki RVKN 27 1 og Landsbankinn hafði umsjón með útboði í september þar sem selt var í nýjum löngum verðtryggðum skuldabréfaflokki, RVK 44 1.

### 3. Samanteknir árshlutareikningar fyrirtækja Reykjavíkurborgar

Yfirlitið sýnir fjárhæðir úr árshlutareikningum dótturfyrirtækja Reykjavíkurborgar eins og þær koma fram í þeirra árshlutareikningnum. Sameignarfélögin Faxafloahafnir (75,55%) og Jafnlaunastofa (50%) ásamt byggðasamlögum (56,577%) eru tekin inn í samantekin árshlutareikningi Reykjavíkur eftir ábyrgðarhlut Reykjavíkur í hlutföllum sem fram koma í svigunum hér að framan.

Janúar - september 2024 (m.kr.)	A-hluti	Aflvaki	Faxafloahafnir	Félagsbústaðir	Malbikunar- stöðin Höfði	Íþrótt- og sýningahöllin	Jafnlaunastofa
<b>Eignarhlutur /ábyrgðahlutur Rvk</b>	-	<b>95,70%</b>	<b>75,55%/75,55%</b>	<b>100,00%</b>	<b>100,00%</b>	<b>50,00%</b>	<b>50%/50%</b>
Rekstrartekjur	141.041	0	5.106	5.262			83
Rekstrargjöld	138.806	0	3.862	2.863			67
Afskriftir	7.047	0	669	13			0
Fjármagnsliðir	-3.315	0	214	-3.815			-1
EBIT	2.235	0	1.244	5.035			16
EBITDA	<b>9.283</b>	<b>0</b>	<b>1.913</b>	<b>2.412</b>			<b>16</b>
Hagnaður (- tap)	<b>-1.134</b>	<b>0</b>	<b>1.458</b>	<b>1.219</b>	<b>-113</b>	<b>-80</b>	<b>15</b>
Fastafjármunir	253.049	2	14.717	161.545	1.314	2.899	2
Veltufjármunir	34.292	7	5.283	303	399	774	21
Heildareignir	287.341	9	20.000	161.848	1.713	3.673	24
Skammtímaskuldir	36.053	0	504	2.490	317	93	9
Langtímaskuldir	132.009	0	0	62.020	23	2.477	0
Skuldbindingar	39.159	0	0	10.970	0	262	0
Heildarskuldir	207.221	0	504	75.480	340	2.832	9
Eigið fé 01.01.	81.254	9	18.123	85.149	1.485	921	-1
Eigið fé 30.09.	<b>80.120</b>	<b>9</b>	<b>19.496</b>	<b>86.369</b>	<b>1.373</b>	<b>841</b>	<b>14</b>
Skuldir og eigið fé	287.341	9	20.000	161.848	1.713	3.673	24
Veltufé frá rekstri	<b>10.627</b>	<b>0</b>	<b>2.089</b>	<b>1.481</b>	<b>-135</b>	<b>120</b>	<b>15</b>
Handbært fé frá rekstri	11.754	0	1.786	1.259	-112	171	17
Fjárfestingahreyfingar	-12.122	0	-1.077	-690	-78	-118	0
Ný langtímalán og stofnframlög	11.052	0	0	126	0	0	0
Greiddar afborganir	-10.450	0	0	-1.129	-23	-46	0
Greiddur arður	0	0	-84	0	0	0	0
Staða á handbæru fé 30.09.	11.824	0	4.676	11	0	719	21

Janúar - september 2024 (m.kr.)	Orkuveita Reykjavíkur	Slökkvilið höfuðsv.	Sorpa	Strætó	Þjódarleikvangur	A- og B-hluti
<b>Eignarhlutur /ábyrgðahlutur Rvk</b>	<b>93,539%</b>	<b>60,82%/56,577%</b>	<b>58,3%/56,577%</b>	<b>60,3%/56,577%</b>	<b>50,00%</b>	-
Rekstrartekjur	48.277	3.936	6.421	8.745	0	201.405
Rekstrargjöld	33.044	3.692	5.916	8.417	1	180.248
Afskriftir	12.495	111	314	175	0	20.556
Fjármagnsliðir	-9.740	33	-200	-104	0	-21.664
EBIT	15.233	244	505	328	-1	21.157
EBITDA	<b>27.728</b>	<b>356</b>	<b>820</b>	<b>502</b>	<b>-1</b>	<b>41.712</b>
Hagnaður (- tap)	<b>5.064</b>	<b>277</b>	<b>306</b>	<b>224</b>	<b>-1</b>	<b>1.576</b>
Fastafjármunir	454.346	2.705	8.360	2.106	0	876.524
Veltufjármunir	36.775	1.178	1.503	984	2	76.845
Heildareignir	491.121	3.883	9.863	3.090	2	953.369
Skammtímaskuldir	34.084	693	1.295	1.393	1	73.790
Langtímaskuldir	173.718	203	2.000	1.602	0	372.183
Skuldbindingar	25.072	0	488	236	0	69.568
Heildarskuldir	232.874	896	3.783	3.231	1	515.541
Eigið fé 01.01.	258.984	2.710	5.775	-364	2	437.089
Eigið fé 30.09.	<b>258.247</b>	<b>2.987</b>	<b>6.081</b>	<b>-141</b>	<b>1</b>	<b>437.828</b>
Skuldir og eigið fé	491.121	3.883	9.863	3.090	2	953.369
Veltufé frá rekstri	<b>20.666</b>	<b>399</b>	<b>219</b>	<b>448</b>	<b>-1</b>	<b>30.388</b>
Handbært fé frá rekstri	24.650	469	293	146	-2	36.007
Fjárfestingahreyfingar	-22.965	-490	-292	-24	0	-37.601
Ný langtímalán og stofnframlög	14.872	0	0	0	0	26.417
Greiddar afborganir	-13.284	-9	-147	-67	0	-24.956
Greiddur arður	-4.000	0	0	0	0	-258
Staða á handbæru fé 30.09.	9.743	1.021	705	424	0	27.058



## Viðauki 1: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

**Málefni fatlaðs fólks** Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 17.216 m.kr. og tekjur sem komu á móti voru 10.9682 m.kr. Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 6.253 m.kr. eða 854 m.kr. umfram fjárheimildir.

Málefni fatlaðs fólks janúar - september 2024			
Tekjur:	í m.kr.	Rauntölur	Áætlun
Framlag frá Jöfnunarsjóði		9.190	9.458
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		3	106
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		0	0
Útsvarstekjur 0,25% RVK		1.622	1.668
Þjónustutekjur		112	84
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		35	14
Tekjur alls		<b>10.962</b>	<b>11.331</b>
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		11.027	10.517
Húsaleiga		541	510
Annar rekstrarkostnaður		475	615
NPA þjónusta		1.624	1.627
Þjónustugjöld (samningar)		2.877	2.770
Stjórnunarkostnaður		40	44
Lengd viðvera ÍTR		149	169
Lengd viðvera SFS		483	480
Gjöld alls		<b>17.216</b>	<b>16.731</b>
Niðurstaða		<b>-6.253</b>	<b>-5.400</b>

Samanlagður kostnaður umfram tekjur vegna málefna fatlaðs fólks á árunum 2011-2024\_09 nam alls 50.057 m.kr.<sup>9</sup>

Málefni fatlaðs fólks	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024_09
Tekjur	4.153	4.804	5.098	5.246	5.993	6.656	7.279	7.790	7.944	8.938	9.385	10.525	13.467	10.962
Gjöld	4.430	4.868	5.512	6.233	7.074	8.018	9.385	10.597	12.151	14.880	16.440	19.804	21.689	17.216
Gjöld umfram tekjur	-277	-64	-414	-987	-1.081	-1.362	-2.106	-2.807	-4.207	-5.942	-7.055	-9.279	-8.222	-6.253
Uppsafnaður mismunur	-277	-341	-755	-1.742	-2.823	-4.185	-6.291	-9.098	-13.305	-19.247	-26.302	-35.581	-43.803	-50.057

<sup>9</sup> Fjárhæðir eru á verðlagi þess árs sem þær tilheyra.

**Hjúkrunarheimili** Útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur hafa verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2024 var rekstur hjúkrunarheimila neikvæður um 326 m.kr. Meðfylgjandi mynd sýnir uppsöfnuð útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur á árunum 2008 til loka september 2024.

Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Útgjöld umfram tekjur 01.01.2008-30.09.2024 (í m.kr. á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	156	113	270
2015	138	131	269
2016	158	98	256
2017	185	86	270
2018	170	86	256
2019	187	120	306
2020	315	133	448
2021	208	129	337
2022	422	137	559
2023	280	106	386
2024_09	237	88	326
<b>Samtals</b>	<b>3.335</b>	<b>1.679</b>	<b>5.014</b>

**Tónlistarskólar** Útgjöld voru um 1.231 m.kr. eða 10 m.kr. umfram fjárheimildir. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik sem Reykjavíkurborg ber kostnaðinn af námu 980 m.kr. og framlög til tónlistarskóla frá Jöfnunarsjóði námu 251 m.kr.

## Viðauki 2: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 69 m.kr. minna en áætlað var og greiðir 100 m.kr. meira en áætlað var inn í sjóðinn:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2024_09	Áætlun 2024_09	Frávik	%
Hlutd. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	5.190	5.137	53	1,0%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	9.654	9.607	47	0,5%
<b>Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð</b>	<b>14.844</b>	<b>14.744</b>	<b>100</b>	<b>0,7%</b>

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2024_09	Áætlun 2024_09	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	9.190	9.458	-268	-2,8%
Framlag vegna sérskóla	1.414	1.388	26	1,9%
Framlag vegna tónlistarskóla	268	264	3	1,3%
Framlag v. samþættingar þjón. í þágu barna	304	314	-10	-3,3%
Framlag v. gjaldfrjálsra skólamáltíða	189	0	189	n/a
Annað	35	45	-10	-22,0%
<b>Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði</b>	<b>11.400</b>	<b>11.469</b>	<b>-69</b>	<b>-0,6%</b>

<b>Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð</b>	<b>-3.444</b>	<b>-3.275</b>	<b>-169</b>	<b>5,2%</b>
---------------------------------------	---------------	---------------	-------------	-------------

## Viðauki 3: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samanþjappaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

### Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio): Hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

### Arðsemi fjármagns (Return on Capital Employed (ROCE))

Mælt sem hlutfall EBIT af heildareignum. Sýnir arðsemi þess fjármagns sem bundið er í rekstrinum.

#### EBIT

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og skatta.

#### EBITDA

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir og endurmat.

### Framlegð (EBITDA) og veltufjárlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

### Eiginfjárlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigin fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tapþol fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánadrottnum, þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárlutfall A- og B-hluta.

### FFO mælikvarðinn (Funds from operation)

FFO er mælikvarði á veltufé frá rekstri sem skilgreindur hefur verið af Moody's og notaður er við mat á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann er reiknaður sem veltufé frá rekstri án vaxta og skatta, að viðbættum vaxtatekjum og tekjum af arðgreiðslum, en að frádregnum gjaldfærðum vöxtum, eignfærðum vöxtum, greiðslum vegna annarra fjármagnsliða og tekjuskatti.

### FFO vaxtaþekja

FFO vaxtaþekja mælir getu Orkuveitu Reykjavíkur til að standa við vaxtagreiðslur félagsins með handbæru fé þess. Hann er reiknaður með handbæru fé frá rekstri í sjóðstreymi að viðbættum vaxtagjöldum, deilt með vaxtagjöldum úr rekstrarreikningi.

## FFO/nettó skuldir

FFO/nettó skuldir er mælikvarði sem einnig hefur verið skilgreindur af Moody's. En þar er hlutfall FFO vaxtaþekju fundið með heildar nettó skuldum. Nettó skuldir eru skilgreindar neðar.

## Handbært fé í lok tímabils

Handbært fé í lok tímabils lýsir þeirri peningamyndun sem reksturinn skilar af sér á tímabilinu þegar búið er að taka tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum, fjárfestingahreyfinga og fjármögnunarahreyfinga.

## Hreinar skuldir og skuldbindingar

Hreinar skuldir og skuldbindingar eru skilgreindar sem heildarskuldir og skuldbindingar að frádregnum veltufjármunum og langtímakröfum. Hreinar skuldir lýsa þannig skuldastöðu A-hluta þegar tekið hefur verið tillit til peningalegra eigna.

## Hreinar vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum. Það eru langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfum, bundnum bankainnstæðum og handbæru fé.

## Jafnvægisviðmið

Skv 64. gr. sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærrí en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Undanskilja skal veitu- og orkufyrirtæki við útreikning á jafnvægis- og skuldaviðmiði til ársloka 2029 samanber reglugerð 1195/2024.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

## RFC/nettó skuldir

RFC er FFO að frádregnum arðgreiðslum. Mælikvarði er reiknaður eins og FFO/nettó skuldum nema leiðrétt fyrir greiddum arði félagsins.

## Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lykilatriði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrökum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lágt hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

## Skuldaviðmið

Skuldaviðmið er reiknað sem hlutfall skulda og skuldbindinga að frádregnum veltufjármunum, fyrirfram greiðslu til Brúar vegna framtíðarskuldbindinga og núvirtum framtíðar lífeyrisskuldbindingum eftir 15 ár á móti tekjum, í samræmi við reglugerð nr. 502/2012, með síðari breytingum. Undanskilja skal veitu- og orkufyrirtæki við útreikning á jafnvægis- og skuldaviðmiði til ársloka 2029 samanber reglugerð 1195/2024.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

## Skuldþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki

fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum þarf hærra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldabekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd skuldabekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

### Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

### Vaxtabekja (Interest expence coverage ratio)

Vaxtabekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum, er oft notuð til að mæla getu fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtabekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almennt er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd vaxtabekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

### Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum (Working capital provided by operating activities/Total revenue)

Mælt sem hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum. Kennitalan gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna.

### Veltufjárhlutfall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til A- og B-hluta.

### Veltufjármunir (Current assets)

Veltufjármunir er sérstök flokkun eigna í ársreikningi. Um er að ræða eignir sem hægt er að breyta í reiðufé eða ráðstafa innan eins árs. Veltufjármunir eru sjóðir, bankainnistæður, birgðir og aðrar skammtímakröfur.